

Sent í tölvupósti

Reykjavík, 23. nóvember 2023

Umhverfis- og samgöngunefnd
v.t. Bjarni Jónsson, formaður

Efni: Umsögn til umhverfis- og samgöngunefndar um tillögu til þingsályktunar um leyfi til veiða á álft, grágæs, heiðagæs og helsingja utan hefðbundins veiðitíma, 49. mál, 154. löggjafarþing.

Bændasamtökin telja að á grundvelli gildandi landbúnaðar- og þjóðaröryggisstefna stjórnvalda, og þá með sérstakri vísan í fæðuöryggi, sé mikilvægt að mál þetta fái framgang á Alþingi.

Má í þessu samhengi einnig vísa sérstaklega til aðgerðaáætlunar stjórnvalda um aukna kornrækt á Íslandi. Þær fuglategundir sem um ræðir valda miklu tjóni í þeirri starfsemi og því mikilvægt að finna jafnvægi eigi markmið um verulega aukna kornrækt að ná fram að ganga.

Að því sögðu eru fulltrúar Bændasamtakanna reiðubúnir til frekara samráðs og samtals um þau atriði sem fram koma í umsögn þessari.

Virðingarfyllst
f.h. Bændasamtaka Íslands

Hilmar Vilberg Gylfason, yfirlögfræðingur